



Greining þjónustupáttanna með jafnréttismats-aðferð

Nafn fagsviðs/skrifstofu: Landupplýsingadeild – Landmælingar og LUKR

Nafn ábyrgðaraðila: Lech Pajdak

Greiningaraðilar/teymi: Steinunn Rögnvaldsdóttir og Hreinn Ólafsson

Þjónustupáttur:

Áætlaður kostnaður og tekjur v. þjónustupáttar skv. nýjustu fjárhagsáætlun:

Kostn.st	Kostn.st(T)	Tsundl(T)	Esk. áætlun þús.kr.
U0300	Landupplýsingar	Tekjur	-2.500,00
U0300	Landupplýsingar	Laun og launatengd gjöld	120.554,51
U0300	Landupplýsingar	Annar rekstrarkostnaður	24.329,41
U0300	Landupplýsingar		142.383,92

Helstu verkefni innan þjónustupáttarins

Landupplýsingar hafa umsjón með öllum gagnagrunnum sem innihalda landtengdar upplýsingar. Áhersla er lögð á að hafa réttar og lifandi upplýsingar, byggðar á traustum grunni.

Öflun, viðhald, úrvinnsla og afgreiðsla landupplýsinga eru aðalverkefni, en deildin ber einnig ábyrgð á stjórn og rekstri LUKR (landupplýsingakerfi Reykjavíkur), gerð og útgáfu korta, landmælingum og útgáfu mæliblaða.

Landupplýsingar veita þjónustu innan borgarkerfisins og til almenna borgara, t.d. framkvæma Landupplýsingar mælingar vegna framkvæmda fyrir stofnanir borgarinnar og þjónustumælingar fyrir almenning skv. gjaldskrá. Landupplýsingar veita allar upplýsingar sem flokkast undir landfræðilegar upplýsingar, bæði til almennings, starfsfólks og verktaka borgarinnar. Kort með landfræðilegum upplýsingum eru seld skv. gjaldskrá LUKR. Eitt mikilvægasta verkefni Landupplýsinga er viðhald gagnagrunns LUKR og það að veita lifandi upplýsingar, þær bestu sem völ er á.

Helstu verkefni Landupplýsinga eru:

- Gerð, viðhald og varðveisla mæliblaða





- Landmælingar
- Viðhald hnita- og hæðakerfis
- Umsjón með reitaskiptingu og staðgreini
- Hnitsetning jarða og eldri lóða
- Stjórn og rekstur LUKR
- Uppbygging og viðhald gagnagrunna LUKR
- Umsjón með Borgarvefsjá, Skipulagssjá, Úttektarkefi LUKR og öðrum veflausnum
- Öflun lofmynda
- Gerð og útgáfa korta
- Skráningar, úrvinnsla, greining og afgreiðsla landupplýsinga
- Uppfærsla á tölum svæðisskipulags
- Kynningar og fræðsla

Áhrif þjónustubáttarins á fólk eftir kyni og áhrifin á jaðarsetta hópa

Af 11 starfsmönnum Landupplýsinga eru 2 konur, eða um 18% starfsmanna. Ekki eru til gögn um lýðfræðilega samsetningu þeirra sem nýta þjónustu Landupplýsinga. Þjónustan er í boði fyrir alla. Leiðbeiningar eru til á ensku fyrir borgarvefsjána en ekki á öðrum tungumálum. Blindir geta ekki notað borgarvefsjána en þeir geta hitt starfsfólk einingarinnar og fengið upplýsingar í gegnum þá. Fundir eru þjónustuþegum að kostnaðarlausu.

Starfsemin hefur ekki sérstök jafnréttismarkmið en markmiðið með verkefnum einingarinnar er ekki hvað síst að spara tíma og peninga hvað varðar landmælingar og landupplýsingar með samræmdum mælingum, gagnasöfnun og upplýsingagjöf. Borgarvefsjá sem er aðgengileg öllum borgurum uppfyllir kröfur um gjaldfrjálstan og jafnan aðgang að upplýsingum fyrir skattborgara (hins vegar er rúkað fyrir þjónustu starfsfólks, t.d. útbúnað korta). Árið 2013 fengu Landupplýsingar virt verðlaun fyrir heildarlandupplýsingakerfi sem og sérlega góða upplýsingaþjónustu við almenning¹.

Upplýsingar á vegum Landupplýsinga eru fyrst og fremst landfræðilegar en ekki lýðfræðilegar. Þó er t.d. hægt að skoða aldursdreifingu í hverfum. Einnig er til staðar bein tenging við fasteignaskrá og hægt að gera alls kyns mælingar því tengt ef beðið er um vegna verkefna á vegum borgarkerfisins. Stjórnendur og starfsfólk LUKR tekur gjarnan við

¹ <http://reykjavik.is/frettir/landupplysingar-hljota-virta-vidurkenningu>



Ábendingum um hvað ætti heima í borgarsjóni og lítur svo á að ef að bæta á við upplýsingum þá verði frumkvæðið að koma frá þeim sem muni nota umræddar upplýsingar. Þeir aðilar bera líka ábyrgð á að koma upplýsingum til LUKR og upplýsingum um breytingar, þó að LUKR vakti ákveðin atriði eins og stíga og götur. Sem dæmi má nefna að stjórnendur á skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins vildu hafa upplýsingar um ruslastampa í borgarlandinu, þeir láta þær upplýsingar í té og starfsfólk Landupplýsinga setur þær inn á borgarvefjsá. Stjórnendur á skrifstofu reksturs og umhirðu borgarlandsins eru svo ábyrgir fyrir að láta vita ef breytingar verða til að starfsfólk Landupplýsinga geti uppfært upplýsingarnar.

Aðgerðir/Eftirfylgni

Ekki eru lagðar til neinar aðgerðir vegna stöðu þjónustubáttarins frá sjónarhóli kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlanagerðar.